

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Naustahverfi, 3. áfanga - Hagahverfi.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 9. febrúar 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir 3. áfanga Naustahverfis – Hagahverfi.

Breytingin á við um lóð nr. 1 við Margrétarhaga og felst í því að nýtingarhlutfall er hækkað úr 0,43 í 0,48.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fallið var frá grenndarkynningu tillögunnar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga.

Deiliskipulagstillagan öðlast þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 5. maí 2022,

María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 5. maí 2022